



Alþingi
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2009

Efni: Frumvarp til laga um Íslandsstofu, 158. mál

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðapjónustunnar, SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva skila hér með sameiginlegri umsögn um frumvarp þetta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að til starfa taki ný Íslandsstofa sem taki við starfsemi Útflutningsráðs Íslands og taki einnig við markaðsstarfi sem unnið er á vegum Ferðamálastofu. Einnig er ætlunin að renna enn styrkari stöðum undir samstarf Íslandsstofu og utanríkisráðuneytisins.

Við þessar áformuðu breytingar er rétt og nauðsynlegt að rifja upp forsögu þeirrar starfsemi sem Útflutningsráð stendur fyrir.

Frá inngöngu Íslands í fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) hefur Útflutningsráð Íslands og áður Útflutningsmiðstöð iðnaðarins verið sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn að meirihluta skipuð fulltrúum atvinnulífs og hefur sjálf skipt með sér verkum. Upphaf þessarar starfsemi má rekja til sérstakrar skrifstofu sem Félag íslenskra iðnrekenda setti á laggirnar 1968 og naut til þess nokkurs styrks á fjárlögum. Allt frá því Útflutningsmiðstöðin tók til starfa hefur fjármögnun starfseminnar verið með sérstakri gjaldtöku af atvinnulífinu í góðu samkomulagi við ríkisvaldið.

Í greinargerð með frumvarpi til laga á Alþingi 2006-7 (133. þing, 656. mál) er þessari sögu ágætlega lýst en þar segir:

„Útflutningsráð Íslands hefur alla tíð verið sjálfstæð stofnun fjármögnuð beint af atvinnulífinu, án fjárframlaga á fjárlögum, nema að litlu leyti fyrstu árin. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, sem stofnuð var árið 1971, var forveri Útflutningsráðs.

Í fyrstu lögum um Útflutningsráð, sem samþykkt voru á Alþingi á árinu 1986, var gert ráð fyrir því að fyrirtæki innan iðnaðar og sjávarútvegs stæðu ein straum af fjármögnun starfseminnar og að framlag sjávarútvegs til Útflutningsráðs yrði tekjur af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum og að framlag iðnaðar yrði tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi. Um svipað leyti og Útflutningsráð tók til starfa var útflutningsgjaldið hins vegar lagt niður. Af þeim sökum var ákveðið að framlag sjávarútvegsins til Útflutningsráðs á árunum 1987–1989 yrði hluti af endurgreiddum uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Um áramótin 1989/1990 var söluskattur lagður niður en virðisaukaskattur tekinn upp í hans stað.

Vorið 1990 skipaði utanríkisráðherra fimm manna nefnd til að gera tillögur um stjórnarskipun og framtíðartekjustofna fyrir Útflutningsráð. Nefndin lagði til að tekjustofn Útflutningsráðs yrði sá sami

og aðstöðugjaldsstofninn og samþykkti Alþingi í desember 1990 lög sem byggðust á tillögum nefndarinnar, þar sem ákveðið var að „útlutningsráðsgjald“ yrði 0,05% af aðstöðugjaldsstofni fiskvinnslu, iðnaðar og byggingarstarfssemi, 0,03% af aðstöðugjaldsstofni fiskveiða og 0,01% af aðstöðugjaldsstofni flutninga á sjó og flugrekstrar. Í bréfi nefndarinnar til ráðherra kom fram að nefndin fjallaði um þann möguleika að „allt atvinnulífið tæki þátt í fjármögnun aðgerða til að efla útlutning“ og taldi hann um „margt æskilegan“, enda uppi háværar raddir um að óeðlilegt væri að þessar greinar einar greiddu skatt af þessum toga.

Þegar innheimta aðstöðugjaldsins var lögð niður árið 1992 þótti ekki lengur ástæða að viðhalda aðstöðugjaldsstofninum eingöngu til þess að innheimta af honum þá aukaskatta sem við hann höfðu verið tengdir, svo sem útlutningsráðsgjald, iðnlánasjóðsgjald, iðnaðarmálagjald og kirkjugarðsgjald. Hið síðastnefnda var 1,5% álag á aðstöðugjaldið og rann til kirkjugarða í hlutaðeigandi sóknum. Forsvarsmenn atvinnurekenda innan Vinnuveitendasambands Íslands o.fl. beittu sér fyrir því haustið 1993 að samkomulag tækist um að kirkjugarðsgjaldið yrði afnumið í nokkrum þrepum og í stað þess kæmi nýtt markaðsgjald sem næmi 0,015% af veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún var skilgreind samkvæmt virðisaukaskattslögum. Markaðsgjaldið skyldi renna til Útlutningsráðs Íslands. Kirkjugarðsgjaldið og hið nýja markaðsgjald gáfu af sér svo til sömu skatttekjur. Skattbyrði var því létt af þeim atvinnurekstri sem áður greiddi einn útlutningsráðsgjaldið. Því takmarki sem nefndin frá 1990 hafði fjallað um, að „allt atvinnulíf tæki þátt í fjármögnun aðgerða til að efla útlutning“ var því náð. Lög um Útlutningsráð voru endurskoðuð af þessu tilefni og jafnframt sett inn sólarlagsákvæði um tekjustofninn. Skyldu lögin endurskoðuð fyrir árslok 1998 og félli innheimta markaðsgjaldsins niður frá og með árinu 1999 ef lögin yrðu ekki endurskoðuð. Var þetta m.a. gert vegna athugasemda um að vegna tengingar við veltu fyrirtækjanna þá félli markaðsgjaldið óeðlilega þungt á verslunarfyrirtæki, en þau greiddu þá um 38% gjaldsins.

Með hliðsjón af framansögðu skipaði utanríkisráðherra fimm manna nefnd haustið 1998 til að endurskoða lög um Útlutningsráð. Árið þar á undan hafði utanríkisráðuneytið sett á laggirnar sína eigin viðskiptaþjónustu (VUR) og var á margan hátt óljóst hver ætti að vera verkaskipting milli hennar og Útlutningsráðs. Nefndin komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig heppilegast væri að skipa opinberri þjónustu við útlutningsatvinnuvegina og taldi ráðherra að lengri tíma þyrfti til að leiða þau mál til lykta. Alþingi samþykkti þó í lok árs 1998 veigamiklar breytingar á lögum um Útlutningsráð þar sem m.a. var stofnuð sérstök samráðsnefnd um Útlutningsráð, stjórnarmönnum var fækkað, ákvæði var sett í lögin um að ráðið skyldi ráðstafa 14% af tekjum af markaðsgjaldi til að markaðssetja Ísland fyrir erlenda fjárfesta og tekinn var upp nýr tekjustofn, markaðsgjald, sem nú var lagt á sama stofn og tryggingargjaldið. Var það reiknað sem 0,05% hlutfall af öllum launagreiðslum í landinu. Við þetta dreifðist skattbyrðin enn meira og féll hlutur verslunar niður í 11%, en starfsemi hins opinbera greiddi 20% gjaldsins. Sólarlagsákvæði til tveggja ára var sett á tekjustofninn með þeim rökum að enn ætti eftir að ákveða framtíðarfyrirkomulag útlutningsaðstoðarinnar og verkaskiptingu milli Útlutningsráðs og viðskiptaþjónustunnar. Markaðsgjaldið var framlengt enn á ný fyrir árslok 2000 til tveggja ára, m.a. með þeim rökum að lítið hefði áunnist í að samhæfa starfsemi Útlutningsráðs og viðskiptaþjónustunnar.“

Í öll skipti hafa breytingar á lögum um þessa starfsemi verið unnar í nánú samráði við atvinnulífið og virðist sem fulltrúar þess hafi ætíð skipað meiri hluta þeirra nefnda sem um málið hafa fjallað.

Gjaldeyrstekjur Íslendinga verða til vegna starfsemi atvinnufyrirtækja og útlutnings þeirra og markaðssetningu á vörum og þjónustu. Atvinnulífið vill gjarnan eiga gott samstarf við stjórnvöld um

Þessi mál hér eftir sem hingað til en grundvallaratriði er að það hafi með höndum forystu um starfsemina. Enda liggur í atvinnulífinu þekkingin á vörunni og þjónustunni sem í boði er auk markaðsþekkingar erlendis. Þetta er ekki sagt til að draga úr mikilvægi þeirrar þekkingar og reynslu sem til staðar er hjá stjórnvöldum hvort sem er starfsmönnum utanríkisráðuneytis eða öðrum þeim sem stuðningi við þessi málefni sinna.

Ofangreind samtök hafa tekið jákvætt í þær breytingar sem fyrirhugaðar eru með frumvarpinu og stofnun Íslandsstofu. Mikilvægt er að góð sátt geti náðst um heildstæða uppbyggingu markaðsstarfs á erlendum mörkuðum þannig að sú starfsemi sem nú er fjármögnuð af einstökum ráðuneytum verði eðlilegur þáttur í starfi hinnar nýju stofu. Nauðsynlegt að fyrir liggi staðfesting af hálfu stjórnvalda að fjármagn fylgi raunverulega þeim verkefnum sem hin nýja Íslandsstofa tekur yfir og því nauðsynlegt að breyta samhliða lögum um skipan ferðamála nr 73/2005.

Athugasemdir við frumvarpið:

1. Um skipan stjórnar

Það er eindregið lagt til stjórnin skipti með sér verkum. Óásættanlegt er að utanríkisráðherra skipi formann stjórnarinnar. Það er alveg nauðsynlegt að formaður stjórnar sem leiða mun starf hennar hafi fullt og óskorað traust allrar stjórnarinnar. Það er óviðunandi að boðið sé upp að þetta traust sé ekki til staðar og býður heim hættu á því að það góða samstarf sem verið hefur í stjórn Útflutningsráðs Íslands raskist. Meiri hluti fjármagns Íslandsstofu mun eftir sem áður koma með sérstakri gjaldtöku á atvinnulífið samkvæmt samkomulagi við stjórnvöld og eðlilegt að fulltrúar þess hafi forystu um starfsemina. Hafi stjórnvöld áhyggjur af því að þarna veljist til forystu einstaklingur sem þau af einhverjum ástæðum telja ekki heppilegt að gegni þessu starfi má hugsa sér samráð við tilnefningaraðila áður en formaður er kjörinn formlega.

2. Um breytingu á lögum um skipan ferðamála nr. 73/2005

Lagt er til að 3. tl. 4. gr. um verkefni Ferðamálastofu falli niður en hann hljóðar svo: „3. Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, í samræmi við ákvörðum ráðherra hverju sinni.“ Þessi breyting er bæði eðlileg og nauðsynleg til að tryggja að áform stjórnvalda séu bæði áþreifanleg og að tryggt sé að það fé sem nú fylgir þessum lið renni til Íslandsstofu.

3. Um fjármögnun starfseminnar:

Það er ekki ljóst af lestri frumvarpsins né hefur það komið fram í verkefnisstjórn sem undirbýr stofnun Íslandsstofu hversu mikið fé fylgir þeim verkefnum sem ætlunin er að Íslandsstofa sinni. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir undir liðnum Ferðamálastofa að 233,2 mkr renni til markaðs- og kynningarmála erlendis og hlýtur að mega gera ráð fyrir að það fé renni til verkefna á vegum Íslandsstofu auk þeirra 85 mkr sem renna eiga til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu. En þar geta fyrirtæki sótt stuðning gegn því að þau leggi a.m.k sömu fjárhæð til verkefnisins (króna á móti krónu verkefni). Í þriðja lagi má ætla að Íslandsstofa hafi umsjón með 82 mkr sem ætlað er að renni til markaðssetningar í Norður-Ameríku (Iceland Naturally). Yfir því verkefni er sérstök stjórn og leggja fyrirtæki fé til þess á móti því sem af fjárlögum kemur.

Útflutningsráð áætla að tekjur af markaðsgjaldi verði 363 mkr á næsta ári og að auki er seld þjónusta fyrst og fremst til fyrirtækja um 130 mkr þannig að heildartekjur ráðsins eru áætlaðar um 490 mkr.

Eins og áður er tekið fram er nauðsynlegt að framlög til Íslandsstofu af fjárlögum liggi fyrir sem fyrst en einnig sést af þessu að hlutur ríkisins í heildarfjármögnun Íslandsstofu er vel innan við 50%.

4. Um skýrslu Ríkisendurskoðunar:

Ofangreindum samtökum er kunnugt um að Ríkisendurskoðun hefur unnið að einhvers konar stjórnsýsluendurskoðun á þeirri starfsemi sem mun falla undir Íslandsstofu. Samtökin hafa ekki fengið drög að skýrslunni til umsagnar en hafa séð hana í drögum dagsettum í nóvember 2009. Þar er gert ráð fyrir því að Íslandsstofa verði deild í utanríkisráðuneytinu með ráðgefandi stjórn.

Verði raunin sú að farið verði að slíkum tillögum hlýtur það að kalla á endurskoðun allra samstarfsverkefna stjórnvalda og atvinnulífs þar sem gert er ráð fyrir gjaldtöku á fyrirtækin til ákveðinna verkefna m.a. á sviði vinnumarkaðsmála. Það er alveg óásættanlegt að markaðsgjaldið verði nánast gert upptækt eins og virðist felast í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Með góðri von um að við samþykkt frumvarpsins verði gengið frá fjármögnun þeirrar starfsemi sem ætlunin er að bætist við núverandi starf Útflutningsráðs, að forysta atvinnulífsins í stjórn Íslandsstofu verði ótvíræð og að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á lögum um skipan ferðamála lýsa ofangreind samtök yfir stuðningi við samþykkt frumvarps til laga um Íslandsstofu.

Virðingarfyllt,

Samtök atvinnulífsins




Samtök iðnaðarins



Samtök ferðaþjónustunnar



SVP-Samtök verslunar og þjónustu,



Landssamband íslenskra útvegsmanna



Samtök fiskvinnslustöðva

